

Miðvikudaginn 11. júní 1930.

Nr. 23/1930.

Valdstjórnin (Magnús Guðmundsson)
gegn

William Platts (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 11. marz 1930: Kærður, William Platts, greiði 1000 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands innan 5 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 50 daga.

Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Lög nr. 36/1926, um viðauka við lög nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum áskilja, til þess að botnvörpungur, sem staddur er í landhelgi og hefir ekki öll veiðarfæri í búlka innanborðs, geti notið linkindar fyrnefndra laga, að það sé »ljóst af öllum atvikum«, að skipið hafi hvorki verið að veiðum í landhelgi, né undirbúningur gjörður í því skyni. En tilfærð orð og nauðsynlegur tilgangur 2. gr. laga nr. 5/1920 um búlkun allra veiðarfæra í landhelgi geta hér væntanlega ekki þýtt annað en að atvik séu sönnuð, annaðhvort beinlínis, eða með óyggjandi líkum, er lýsi því, að skipið hafi hvorki verið að veiðum né undirbúningi til veiða. Ella væri varnarviðleitni landhelgislaganna gegn botnvörpuveiðum verulega spillt og vikið frá ljósum orðum laganna. Framsögumaður útvegsnefndar neðri deildar Alþingis 1926, er flutti frumvarpið til laganna, að tilhlutan þáverandi forsætis- og dómsmálaráðherra, segir, jafnvel án þess að því væri mótmælt, að lögnum sé því

aðeins ætlað að koma til framkvæmda, að »umbúnaður veiðarfæra sé ekki löglegur af óviðráðanlegum ástæðum eða og (skipið) þar í landhelgi, sem liggur langt frá veiðistöð eða fiskimiðum.«

En kærður, sem hefir áður undirgengizt 10000.00 kr. sekt fyrir ólöglegar landhelgisveiðar, var hér tekinn 2 sjómílur innan landhelgi, nærri gömlum og nýjum fiski- og jafnvel flatfiskimiðum.

Og varðskipsforinginn segir í kæru sinni til lög-reglustjóra, að svo hafi verið að sjá frá varðskipinu, er, 1—1½ sjómíla var milli skipanna, »sem fremri stjórnborðshlerinn hengi í gálganum,« og bætir því við, að kl. 5,16 síðdegis þ. 10. marz, þegar komið var að skipinu, hafi sézt greinilega frá varðskipinu, að skipsmenn togarans voru að vinna við sem ákafast að koma netunum á sinn stað, enda kom það betur í ljós þá komið var um borð í togarann — lágu þá báðar vörpur lausar á þilfarinu og skruflykill, sem notaður hafði verið til að lása úr B. B. hlerann, lá einnig á þilfarinu hjá hleranum.

Kærður hefir kannast við, að hann hafi verið tekinn 2 sjómílur innan landhelgi út af Stafnesi og ját-að skýrslu varðskipsforingjans rétta, að öðru leyti en því, að hlerarnir hafi verið innanborðs og búið að losa vörpunar frá þeim og stjórnborðsvarpan í lagi. Aftur á móti hafi bakborðsvarpan verið laus á þilfarinu, en hún hafi losnað af sjógangi á leið hans frá Önd-verðarnesi, suður yfir Faxaflóa þá um daginn, og tjá-ist hann hafa leitað skjóls þarna undir landi meðan verið var að hreinsa sótpípurnar.

Stýrimaður kærðs, sem einn var leiddur sem vitni, en ekki eiðfestur, bar á líka leið og kærður, nema hvað hann sagði, að báðar vörpunar hefðu verið lausar á þiljum og að ekki hafi verið um þær búið,

er þeir hættu veiðum út af Öndverðarnesi, jafnvel og venja sé til, er skip fara heim að lokinni veiði, heldur hafi verið um þær búið líkt því og tíðkast, er veiðum er hætt í »bili«.

Annara skýrslna en hér getur, hefir ekki verið aflað í málinu.

En skýrslur, sem svo er áfátt, eru samkv. framan-sögðu of veikar til þess að kærður verði látinn njóta linkindar laga nr. 36/1926.

Ber því að heimfæra brot kærðs undir 2. mgr. 3. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 5/1920, og þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega metin 4000 kr. sekt, er afplánist með 3 mánaða einföldu fangelsi verði hún ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Til upptöku afla og veiðarfæra kemur ekki, þar sem langt er liðið síðan brotið var framið.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, meðal annars laun sóknara og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, William Platts, sæti 4000 kr. sekt til Landhelgissjóðs, er afplánist með 3 mánaða einföldu fangelsi, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði og allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti, þar með talið kaup sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Magnúsar Cuðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn William Platts, skipstjóra á b/v »Thomas Thresher« G. Y. 228, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920, sbr. lög nr. 36 frá 1926.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, sannaðir sumpart með eigin játningu kærðs.

Mánudaginn 10. þ. m. var varðskipið Ægir á leið norður með Reykjanesi. Þá komið var út frá Kirkjuvogi sást togari koma út frá landinu og halda beint á móti varðskipinu. Þegar hann var 1—1½ sm. frá varðskipinu var að sjá, sem fremri Stb. vörpuhlerinn hengi í gálganum, en í því sneri togarinn við og nam staðar.

Kl. 6,16 var komið að togaranum G. Y. 228 »Thomas Thresher« frá Grimsby; sást þá greinilega frá varðskipinu, að skipsmenn togarans voru sem ákafast að vinna við að koma netunum á sinn stað, enda kom það í ljós, þegar komið var um borð í togarann, að vörpunar lágu lausar á þilfarinu og skrúflykill, sem notaður hafði verið til að lása úr fremri Bb-hleranum með.

Eftirfarandi staðarákvörðun var tekin hjá togaranum kl. 5,19
síðd. eftir að komið var að honum:

Garðsskagaviti > 40° 54'

Hvalsneskirkja > 35° 28'

Stafnesviti Gefur það stað tog-
arans 2 sm. innan landhelgislinunnar.

Skipstjóri togarans var fluttur um borð í varðskipið. Hann kvaðst þá vita, að hann væri innan landhelgi, en hitt kvaðzt hann ekki vita, að hann mætti ekki vera með netin þannig, þegar hann væri að koma þeim í lag.

Í réttinum hefir kærður kannast við það, að þessi skýrsla sé rétt. Þó telur hann vörpuhlerana hafa verið í lagi og ekki nema annað netið í ólagi, — það lá laust á dekkinu. En hann telur, að netið hafi komið í ólag þannig, meðan hann sigldi í gegnum Faxaflóa, með því að skip hans var hlaðið, talsverður sjógangur og ekki vel búið um netið. Hann kveðst hafa hætt að fiska um kl. 2,20 (enskur tími) í gærmorgun og þá hafa verið 12 milur N.N.A. af Öndverðarnesvitanum. Þá kveðst hann hafa sett veiðarfærin í lag nema hlerana, sem hann

kveðst hafa lagað kl. 5 (enskur tími) í gærkvöldi, þá fyrir utan landhelgi. Hann kveðst þá hafa farið í skjól undir land, og stansað til þess að láta hreinsa sótrörið og þá hafi hann losað netið frá hleranum til þess að láta búlka það.

Stýrimaður skipsins hefir verið leiddur sem vitni í þessu máli og ber honum saman við kærðan, að öðru leyti en því, að hann kveður bæði netin hafa verið laus á dekkinu. Framburður stýrimannsins styður því framburð kærðs að nokkru leyti. —

Kærður hefir 11/9 1921 undirgengizt 10.000 króna sekt fyrir brot á landhelgislöggjöfinni.

Með því að hafa veiðarfærunum þannig fyrirkomið, sem að framan segir, hefir kærður brotið gegn ákvæðum 2. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920; en þar sem það er ekki líklegt, heldur þvert á móti mjög ósennilegt, af því sem fram er komið í málinu, að kærður hafi verið að búa sig undir veiðar eða komið frá veiðum þarna í nágrenninu. Þykir mega ákveða refsinguna með tilliti til laga nr. 36 frá 15. júní 1926. Þykir refsingin þá, með tilliti til þess, að hér er um annað brot kærðs að ræða, og að gengi íslenzkrar krónu er þannig samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands, að ein króna íslensk jafngildir 81,88 aurum gulls, hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 5 daga frá lögbirtingu dóms þessa ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 50 daga.

Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 13. júní 1930.

Nr. 75/1929. **Brunabótafélag Íslands** (Guðm. Ólafsson)
gegn

Guðmundi Björnssyni (Lárus Fjeldsted).

Brunabótaiðgjald.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 14. júlí 1928:
Stefndur, Guðmundur Björnsson, greiði stefnandanum, Árna Jónssyni, f. h. Brunabótafélags Íslands, kr. 584.75 með 5% árs-